

Aðalfundur Strandveiðifélagsins KRÓKS

haldinn á Patreksfirði þann 23. september 2017

Á fundinum voru eftirfarandi ályktanir samþykktar til 33. aðalfundar LS:

1. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt þannig að bátur geti fengið strandveiðileyfi sem gildir í 4 mánuði samfleytt innan kvótaársins. Leyfilegt verði að veiða 48 daga á tímabilinu að hámarki 4 daga í viku að eigin vali, og með núverandi takmörkunum á aflamagni, rúllufjölda og 14 klst reglunni.

Með þessu fyrirkomulagi verður hagræðing í strandveiðikerfinu. Það fellur betur að þörfum manna á mismunandi svæðum þar sem besti tími á handfærum er ekki sá sami um allt land. Öryggislega séð er þetta mikill ávinningur því smábátum á að róa eftir veðri ekki eftir klukku. Það verður aukin dreifing afla inn á markaði með þessu fyrirkomulagi.

2. Str.v.f. Krókur leggur til að ónýttar ufsaveiðiheimildir í lok kvótaárs komi til viðbótar við strandveiðipott næsta árs og að ufsi, upp að 250 kg á dag, dragist ekki frá strandveiðipotti í þorskígildum.
3. Str.v.f. Krókur leggur til að greiðsla veiðigjalds verði fært til fyrra horfs, þ.e. að handhafar veiðiheimilda greiði veiðigjöld.
4. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða.
5. Str.v.f. Krókur leggur til að smærri útgerðir án vinnslu, sem landa á markað, fái verulegan afslátt af veiðigjöldum.
6. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
7. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði notkun belgja (sem valmöguleika) á grásleppuveiðum.
8. Str.v.f. Krókur leggur til að hægt verði að nýta grásleppudagana betur með því að tilkynna inn ef ákveðið er að draga upp og telji þá ekki tíminn fyrr en lagt er aftur.
9. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulag línuívilnunar verði óbreytt.
10. Str.v.f. Krókur leggur til að krókaveiðar á makríl verði gefnar frjálsar og að hlutdeild þeirra í veiðunum verði lágmark 16%.
11. Str.v.f. Krókur leggur til að ónýttar makrílveiðiheimildir (umfram leyfilega tilfærslu milli ára) verði fært sem viðbót við 2000 tonna leigupott næstu makrílvertíðar.
12. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks og krókaflamarks kerfanna.
13. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um frekara afnám takmarkana á veiðarfæranotkun í krókaflamarkskerfinu.

